

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 1. október 2007 í máli nr. S-1832/2006:

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari)

gegn

Péttri Arnórssyni

(Grímur Sigurðarson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 11. september 2007, er höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum í Reykjavík 24. október 2006, á hendur Péttri Arnórssyni, kt. [...], Þverási 47, Reykjavík, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 23. október 2005, á göngustíg í Víðidal í Reykjavík, ráðist á fyrrum unnustu sína, A, kt. [...], tekið hana hálstaki, hrint henni í jörðina, rifið í hár hennar og dregið hana eftir jörðinni, slegið höfði hennar nokkrum sinnum í jörðina og kastað í hana steinum, með þeim afleiðingum að A hlaut kúlu á höfði, mar á hægri gagnauga og glóðarauga, marbletti á hálsi, hruflsár á olnboga, roða á báðum síðum og hruflsár á vinstra hné.

Er þetta talið varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá er krafist málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði.

Dómur féll í héraði í máli þessu 11. desember 2006. Með dómi Hæstaréttar 18. júní 2007, í máli nr. 120/2007, var dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar á ný. Eftir það tók lögregla skýrslur af fleiri vitnum og lögð hafa verið fram frekari gögn í málinu.

I.

Aðfaranótt 23. október 2005 var óskað aðstoðar lögreglu að [...], Reykjavík, þar sem þar væri æst kona, sem ekki væri hægt að ræða við, en hún væri með áverka í andliti. Í lögregluskýrslu Daða Gunnarssonar lögreglumanns, sem staðfest var fyrir dómi, kemur fram að er lögreglumenn fóru á vettvang, ásamt

sjúkraflutningamönnum, hittu þeir þar A, sem hafi verið í mjög annarlegu ástandi. Þegar reynt hafi verið að ræða við hana hafi hún andað mjög hratt og hátt og kallað upphátt. Þar sem lítið hafi gengið að róa hana hafi verið ákveðið að flytja hana með sjúkrabifreið á slysadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Var henni gefið róandi lyf á slysadeild og eftir nokkra stund reyndist unnt að tala við hana. Kvaðst hún hafa farið ásamt kærasta sínum í leigubifreið úr miðbænum heim til hans að Þverási 47. Þegar þangað var komið hafi þeim sinnast og hún hafi því ákveðið að fara heim. Þegar hún hafi verið að ganga út hafi hún séð að ákærði veitti henni eftirför. Hafi hún gengið út og stefnt að Breiðholtsbraut eftir göngustíg sem liggja á bak við Þverás 47. Þar hafi ákærði ráðist á hana og náð henni niður. Hann hafi rífið í hár hennar og dregið hana eftir jörðinni. Einnig hafi hann tekið síma hennar og kastað honum í stein og skemmt hann. Hann hafi rífið bakpoka af henni og tekið af henni veskið. Kvaðst hún hafa náð að standa upp en þá hafi hann hlaupið á eftir henni og náð henni aftur niður og haldið henni og sagt eitthvað við hana sem hún mundi ekki hvað var. Hún hafi náð að standa upp aftur og haldið áfram að hlaupa, en hann hafi náð henni aftur og skellt henni í jörðina. Hafi hann hrækt á hana og rífið í hárið á henni. Kvaðst hún svo hafa náð að koma sér frá honum og hlaupið út á Breiðholtsbraut, stöðvað þar bifreið og fengið far með henni heim að [...].

Degi síðar lagði A fram kæru hjá lögreglu á hendur ákærða vegna líkamsárásar. Greindi hún svo frá að umrædda nótt hafi hún verið í miðbænum ásamt fyrrverandi unnusta sínum. Þau hefðu síðan farið heim til hans að Þverási 47 og orðið þar ósátt. Hún hafi þá ákveðið að taka dótið sitt og fara heim til sín að [...]. Hafi hún orðið vör við að ákærði kom hlaupandi á eftir henni. Kvaðst hún hafa óttast hann þar sem hann hafi verið mjög ölvaður og hún því tekið til fótanna. Ákærði hafi náð henni með því að gripa í bakpoka hennar og kasta henni í jörðina. Þar hafi hann gripið hana föstu taki þannig að hálsfesti hennar hafi losnað. Hafi hún haldið að hann ætlaði að kyrkja sig. Hún hafi reynt að hringja í 112, en ákærði hafi tekið af henni farsímamann og fleygt honum til hliðar. Hann hafi gripið í hár hennar og slegið höfði hennar margsinnis við jörðina. Hafi hann svo skyndilega farið ofan af henni og grýtt í hana steinum. Hún hafi þá notað tækifærið, losað sig við bakpokann og hlaupið í burtu. Ákærði hafi haldið áfram að elta hana og kastað í hana steinum. Kvaðst hún ekki muna fullkomlega hvort ákærði hafi náð henni í annað sinn, en það hafi hann líklega gert þar sem ókunnugt fólk hafi séð hana nærri Breiðholtsbraut og hafi ákærði þá verið að hlaupa frá henni. Fólk hafi tekið hana upp í bifreið sína og farið með hana heim að [...]. Um hafi verið að ræða tvö pör og hafi hún fengið nafn eins aðila, Gísla Rúnars Sævarssonar. Lögreglan hafi verið kölluð heim til hennar, ásamt sjúkrabíl. Hún hafi verið flutt á slysadeild og lækni skoðað hana. Hafi hún m.a. haft kúlur á höfði, mar á hálsi, glóðarauga, rispur í andliti og sár á hnjúm og hægri síðu.

Hinn 29. júní 2006 hafði lögregla samband við A og voru þá rúmir 8 mánuðir liðnir frá atviki því sem ákært er fyrir. Vildi hún þá draga kæru sína til baka og sagði að hún og ákærði hefðu gert málið upp sín á milli. Hinn 12. september 2006 hafði lögregla samband við hana á ný og lýsti hún því þá yfir að hún væri hætt við að draga kæru sína til baka. Ákærði hefði aftur beitt sig ofbeldi og þess vegna hafi hún ákveðið að falla ekki frá kærinni.

Samkvæmt gögnum málsins ræddi lögregla fyrst við ákærða 25. september 2006, um 11 mánuðum eftir umrætt atvik. Kvaðst hann hafa verið í miðbæ

Reykjavíkur þessa nótt að skemmta sér ásamt fyrrverandi kærustu sinni, A. Kvaðst hann sjálfur hafa verið orðinn töluvert ölvaður, en A hafi verið orðin mjög ölvuð. Kvað hann A hafa átt það til að vera mjög erfiða viðureignar þegar hún drakk áfengi. Hún hafi átt það til að komast í mikið uppnám við eitthvað sem engu máli skipti og hafi þá verið mjög erfitt að róa hana aftur. Svo hafi verið þetta kvöld. Þau hafi ákveðið að taka leigubifreið heim til hans að Þverási 47. Þegar þangað hafi verið komið hafi hann farið á baðherbergið til þess að gera sig kláran fyrir háttinn, en A hafi farið inn í svefnherbergið. Þegar hann hafi komið inn í svefnherbergið hafi hún staðið þar og haldið á farsíma hans og verið að skoða hann, en hún hafi átt það til að fá afbrýðisemisköst og það hafi einmitt gerst þarna. Hún hafi farið að spyrja hver þessi og hin stúlkan úr símanum væri og síðan sakað hann um að halda fram hjá sér. Hún hafi því næst rokið af stað út úr húsinu og klárað að fara í skóna sína úti. Hann hafi farið á eftir henni, en ekki náð henni fyrr en um 500 metra frá húsinu. Þau hefðu gengið rösklega, en ekki hlaupið. Hann mundi ekki eftir því að hún hefði verið með tösku meðferðis, en taldi hana líklega hafa verið með veski. Ákærði kvaðst hafa sagt við A að hún ætti ekkert með að vera að skoða síma hans og hvað þá að taka hann. Hafi hann tekið símann af henni. Hún hafi reynt að halda símanum þannig að hann myndi ekki ná honum. Þegar hún hafi neitað að láta hann hafa símann hafi hann tosað í hönd hennar og slitið símann úr höndunum á henni. Hann hafi þá ætlað heim aftur, en farið að hugsa og minnst þess að hún ætti það til að vera erfið undir áhrifum áfengis, auk þess sem hún hafi átt það til að hóta að skaða sjálfa sig. Hann hafi þá ákveðið að fara á eftir henni til að gæta þess að allt væri í lagi með hana. Kvaðst hann hafa reynt að ræða við A, en hún hafi verið gríðarlega æst og erfið viðureignar, og hafi öskrað á hann að hann væri fifl og asni og slíkt. Hann hafi reynt að segja henni að best væri fyrir hana að koma bara heim, þetta væri bara fyllerís vesen og leiðindi. Þar sem lítið hafi gengið að ræða við hana hafi hann snúið til baka og farið heim. Ákærði kvaðst vilja taka það fram að þau A hafi verið saman í ár eftir að þetta átti sér stað en hún hafi átt það til að ýja að því að hún myndi kæra hann. Eftir að þau hafi hætt saman hafi hann svo verið boðaður til skýrslutökunnar. Þá tók hann það fram að þegar þetta átti sér stað hafi verið dimmt. A hafi hlaupið frá húsinu að múum sem þar séu og þar hafi hann séð hana detta nokkrum sinnum. Þegar framburður A úr kæruskýrslu hennar var borinn undir ákærða kvað hann ekki allt rétt sem þar kæmi fram. Hann hefði ekki hlaupið á eftir henni, heldur gengið. Þá hefði hann ekki ráðist á hana, heldur gripið í hana til að ná símanum sínum. Hann hefði hvorki rifið í hár hennar né hrækt á hana. Hann mundi ekki til þess að hún hefði verið með bakpoka. Þá hafi hún verið með símann hans, en ekki hennar. Rétt væri að hann hefði farið og komið aftur, en það hafi verið vegna þess að hann hafi óttast um öryggi hennar. Þegar áverkavottorð frá slysadeild var borið undir ákærða sagði hann eina áverkann sem gæti verið af hans völdum vera eymsli í handlegg frá því að hann hafi tekið símann af henni.

Í september 2006 tók lögregla skýrslu af vitnunum Gísla Rúnari Sævarssyni og Rakel Róbertsdóttur. Eftir að héraðsdómur var ómerktur voru aftur teknar skýrslur af ákærða og A. Jafnframt voru teknar skýrslur af B, C, D, Guðrúnu Mjöll Róbertsdóttur, F og E. Ekki er ástæða til að rekja sérstaklega framburð þeirra hjá lögreglu.

II.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð Hlyns Þorsteinssonar, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss í Fossvogi, frá 7. nóvember

2005. Þar segir að A hafi leitað á slysadeild 23. október 2005. Hún hafi komið með sjúkrabifreið, en verið tekin upp í bíl í Víðidal. Við komu á slysadeild hafi engar upplýsingar fengist hjá henni þar sem hún hafi verið í uppnámi. Hún hafi því fengið róandi lyf í æð og þá slaknað á henni. Hún hefði þá skýrt svo frá að hún hafi orðið fyrir líkamsárás af hálfu kærasta síns. Hafi þau verið í matarboði, farið síðan niður í bæ og eftir það heim til kærasta hennar. Eftir einhverjar deilur hafi hún tekið dótið sitt saman og ætlað heim. Kærastinn hafi þá hlaupið á eftir henni, hrint henni í jörðina, skellt höfðinu á henni í jörðina, rifið í hár hennar og dregið hana eftir jörðinni. Þá hafi hann reynt að handleggsbrjóta hana á vinstri handlegg og kastað í hana grjóti. Hún hafi að lokum náð að komast burt og hlaupið fram á bifreið sem hún hafi verið tekin upp í. Við skoðun hafi verið aumur blettur ofan á höfði og svolítill kúla þar. Hún hafi kvartað undan höfuðverk. Á hægri gagnauga hafi verið mar og niður að því byrjandi glóðarauga sem lá þar í áttina niður undir augað. Á hálsi hafi verið rauðleitir marblettir og á hægri olnboga hrufslár. Hún hafi kvartað um eymsli ofarlega í vinstri framhandlegg rétt niður af olnboganum, ekki hafi þó verið að sjá ytri áverka, en eymsli í vöðvum við þreifingar. Hún hafi verið með roðasvæði, eins og eftir núning, á báðum síðum. Hafi hún sagt það vera eftir að hafa verið dregin með jörðinni. Greining slysadeildar voru yfirborðsáverkar víðs vegar og sár á vinstra hné. A fékk Parkodin verkjatöflur vegna höfuðverkjar. Fyllt var út beiðni um áfallahjálþ sem send var til viðeigandi aðila á spítalanum.

Einnig liggur fyrir vottorð Rudolfs Adolfssonar, geðhjúkrunarfræðings á Miðstöð áfallahjálpar Landspítala-háskjólaskjúkrahúsi, vegna þriggja viðtala sem hann átti við A í kjölfar atviks þess sem ákært er fyrir. Þá liggur fyrir vottorð Trausta Valssonar sálfræðings vegna viðtala hans og A.

III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði greindi svo frá að hann og A hefðu verið að skemmta sér umrædda nótt og farið í leigubifreið heim til hans að Þverási 47. Taldi hann að þetta hefði verið um klukkan þrjú um nóttina. Hann hefði farið á baðherbergið og gert sig kláran fyrir háttinn. Er hann kom af baðherberginu hefði A verið að skoða farsíma hans og spurt hver hin og þessi stúlka væri. Hann hefði sagt að þetta væru vinkonur sínar og hún væri búin að hitta meira en helminginn af þeim, en hún hefði ekki trúað sér. Hún hefði rokið út og ásakað hann um framhjáhald. Hann hefði ákveðið að fara út á eftir henni því hún hefði enn verið með símann hans. Hann hefði elt hana, gengið en ekki hlaupið, og er hann kom að henni hafi hún neitað að láta hann fá símann. Hann hefði ekki nennt þessu og ákveðið að taka símann, en hún haldið honum þannig að hann náði honum ekki. Hann hefði hrifsað símann af henni og strunsað heim. Þá hefði hann hugsað að hún væri „blindfull, erfið og leiðinleg“. Þetta væri bara dæmigert „fyllerís vesen“ og ákveðið að snúa aftur til að ræða við hana því hún ætti það til að hóta því að skaða sjálfa sig. Hann hefði reynt að tala hana til en hún neitað að fara aftur heim til hans. Hann hefði þá ákveðið að fara aftur heim. Ákærði kvaðst hafa séð hana detta oft. Spurður um ástæðu þess að hún hefði dottið kvað hann það hafa verið vegna ölvunar hennar og beltis sem hún var með. Beltið væri þykkt og með stórrí sylgju og það notað meira sem skartgripur en beltí. Þetta væri laust mjaðmabelti. Það hefði dottið niður um hana og hún í leiðinni. Ákærði sagði að beltíð hefði runnið niður fyrir hné hennar. Þegar fyrirbyggjandi læknisvottorð um áverka A var borið undir ákærða gat hann ekki

gefið skýringu á áverkum hennar, aðra en þá að hún hefði hlotið þá þegar hún datt. Neitaði hann því að hafa veitt henni áverka en hún hefði getað fengið eitthvað á höndina er hann tók símann sinn. Ákærði kannaðist við að hafa skrifað A bréf sem lagt hefur verið fram í málinu. Hann kvaðst hafa skrifað henni mörg bréf því það væri ekki hægt að ræða við hana þegar hún væri reið. Umrætt bréf hefði hann hins vegar ekki skrifað eftir umrætt atvik. Þá neitaði ákærði því að hann hefði rætt við E um atvik það sem kært er fyrir. Einnig sagði hann að atvik sem F hefur greint frá, um að hann hafi beitt hana ofbeldi, hafi aldrei gerst. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt kvöld, en hann myndi eftir kvöldinu. Þá sagði hann að A ætti til að drekka mikið og það færi illa í hana. Kvaðst hann eitt sinn hafa þurft að kalla til lögreglu er A hafi komið óboðin heim til hans og neitað að fara. Hún hefði svo farið og hann afturkallað beiðnina. Ákærði sagði að samband þeirra hefði verið frekar stormasamt. Þau hefðu rifist og hún verið mjög afbrýðisöm. Hún hefði margoft hlaupið út eftir rifrildi og látið hann elta sig. Aðspurður hvort hann hefði hitt föður sinn umrædda nótt sagði ákærði að það hefði þá verið eitthvað lítilla er hann sneri aftur heim. Nánar um ástæðu þess að hann hefði skrifað A bréf, sem lagt hefur verið fram í málinu, sagði hann að það hefði ekki verið gert í tengslum við neinn slæman atburð heldur hefði þetta verið hans leið til að semja frið við hana. Hún hefði átt það til oftast en einu sinni að taka síma hans og vera með ásakanir. Þau hefðu rifist og hann skrifað bréfið, en það væri hans leið til að nálgast hana eftir slíkt rifrildi.

Vitnið A skýrði svo frá að umrætt sinn hefði hún skoðað síma ákærða og séð símskeyti frá stúlkum sem varð til þess að hún sleit sambandi þeirra. Hún hefði sett eigur sínar í bakpoka, sagt að hún væri farin og látið hann fá símann. Er hún hefði verið komin frá heimili hans hefði hún heyrt hann koma hlaupandi á eftir henni. Hann hefði náð henni, rifist í bakpokann og hent henni í jörðina. Hún hefði ætlað að hringja í Neyðarlínuna úr símanum sínum en hann tekið símann af henni og kastað honum í jörðina þannig að hann brotnaði. Hann hefði tekið í höndina á henni til að snúa upp á hana, rifist af henni hálsfesti, reynt að kyrkja hana, rifist í hár hennar og slegið höfði hennar nokkrum sinnum í jörðina. Einnig hefði hann dregið hana á hárinu. Jafnframt hefði hann sparkað í magann á henni og kastað grjóti í hana. Hún hefði hlaupið og stöðvað bifreið fólks sem tók hana upp í. Þau hefðu svo ekið henni heim. Nánar um atvik og orðaskipti milli hennar og ákærða sagði hún að eftir að hann hefði reynt að kyrkja sig hefði hann spurt hvort hún væri dauð, eða eitthvað í þá áttina. Svo hefði hann sparkað nokkrum sinnum í sig og hent í sig grjóti. Hún hefði staðið upp og hlaupið í burtu, en hann hefði hlaupið á eftir sér. Vitnið kvaðst ekki hafa dottið er hún flúði undan ákærða. Hún kvaðst hafa hent af sér bakpokanum er hún flúði undan honum til að geta hlaupið hraðar. Þá kvaðst hún ekki hafa verið með belt umrætt kvöld. Vitnið sagði að móðursystir sín hefði farið daginn eftir og fundið símkort hennar, brotinn síma og slitna hálsfesti. Hjón sem hefðu átt leið þarna hjá hefðu svo fundið bakpokann hennar. Um ástæðu þess að hún dró kærú sína til baka hjá lögreglu sagði hún að þau hefðu tekið saman aftur og ákærði sagst ætla að leita sér hjálpar. Hann hefði farið í eitt eða tvö skipti til sálfræðings og lofað að þetta myndi ekki gerast aftur. Hún hefði svo hætt við að draga kærúna til baka eftir að hann hefði aftur beitt sig ofbeldi. Spurð um bréf sem hún hefði lagt fram hjá lögreglu eftir að fyrri héraðsdómur hafði verið kveðinn upp í málinu, sagði hún að ákærði hefði komið með það heim til hennar á mánudeginum eftir umrætt atvik en amma hennar og móðir hefðu ekki viljað láta sig fá það strax. Hún hefði svo skoðað bréfið um tveimur eða þremur vikum síðar. Vitnið sagði að hún hefði slitið sambandi sínu við ákærða í júní 2006. Þetta hefði verið stormasamt

samband og hún stundum hringt í móður sína sem hefði sótt sig heim til ákærða. Þá hefði hann stundum rokið út af heimili hennar. Neitaði hún því að það hefði þurft að kalla til lögreglu á heimili ákærða vegna hennar. Vitnið sagði að þau hefðu bæði verið búin að neyta áfengis umrætt sinn en hann hefði verið töluvert ölvaðri en hún. Hún hefði ekki fundið mikið á sér. Um líðan sína í kjölfar umrædds atburðar kvaðst hún hafa leitað sér áfallahjálpar. Hún hefði átt erfitt með að sofa og oft fengið martraðir um árásina. Einnig hefði hún leitað til sálfræðings. Nánar um það hversu oft ákærði hefði náð henni niður umrætt kvöld sagði vitnið að hún hefði verið í miklu sjokki og myndi ekki nákvæmlega hversu oft hann náði henni niður. Þá kannaðist hún ekki við að hafa greint fólkinu, sem tók hana upp í bifreiðina, frá því að hún og ákærði hefðu verið að koma úr partyí. Hún kvaðst hafa farið með símann og hálsfestina til lögreglu er hún lagði fram kæru en sér verið sagt að þetta væru ekki nauðsynleg gögn.

Vitnið Daði Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa sinnt útkalli að heimili A umrædda nótt. Hún hefði verið í miklu sjokki og öskrað. Það hefði ekki verið hægt að fá neitt samhengi í það sem hún sagði. Á slysadeild hefði hún eitthvað getað útskýrt þetta og sagt að fyrrverandi kærasti sinn hefði ráðist á hana. Vitnið mundi ekki hvernig hún hefði lýst atvikum nánar. Vitnið kvaðst hafa farið að heimili ákærða og leitað að eigum hennar á göngustíg þar rétt hjá. Vitnið mundi ekki eftir því að A hefði verið með belti. Þá kvaðst vitnið ekki hafa litið svo á að ástand hennar væri vegna ölvunar. Hann hefði ekki séð svona áður.

Vitnið Arnór Stefánsson faðir ákærða, sagði að ákærði hefði sagt sér lauslega frá atvikum er hann kom til baka umrætt kvöld, en þau hjónin hefðu verið uppi í rúmi. Þeir hefðu svo spjallað saman daginn eftir og ákærði sagst að A hefði hlaupið út. Vitnið sagði að samband ákærða og A hefði verið stormasamt. Hún hefði verið sjúklega afbrýðisöm og átt það til að rjúka út. Kannaðist vitnið við að ákærði hefði eitt sinn þurft að kalla til lögreglu vegna hennar.

Vitnin Gísli Rúnar Sævarsson, Rakel Róbertsdóttir og Guðrún Mjöll Róbertsdóttir, greindu frá því að A hefði umrædda nótt stöðvað akstur bifreiðar þeirra á Breiðholtsbraut. Skýrðu þau frá því að A hafi verið í miklu hræðsluástandi, öskrað og átt erfitt með að skýra frá atvikum en sagst að „hann“ væri að reyna að drepa hana. Lýsti vitnið Gísli Rúnar því þannig að augu hennar hefðu titrað og í þeim verið ógn og skelfing. Hefði vitnið verið hræddur um að hún myndi falla í yfirlit vegna oföndunar. Vitnin greindu frá því að hún hefði verið með áverka í andliti og mold verið á fötum hennar. Vitnin Gísli Rúnar og Rakel sögðu einnig að hún hefði greint frá því að „hann“ hefði kastað steinum í hana. Þá hefði hún sagst hafa dottið á flóttu sínum.

Vitnið Hlynur Þorsteinsson, sérfræðingur á slysa- og bráðamóttöku Landspítala - háskólasjúkrahúsi, sagði að A hefði verið í miklu uppnámi og erfitt að tala við hana og skoða en slíkt komi ekki ósjaldan fyrir fólk sem lendi í einhverjum hremmingum. Hún hefði ofandað og verið nánast eins og í skelfingarástandi. Henni hefði því verið gefið lyf til að fá hana til að slaka á. Fram kom hjá vitninu að hún hefði greint frá því að unnusti hennar hefði ráðist á sig. Aðspurður hvort áverkar hennar samrýmdust frásögn hennar sagði vitnið að það væri nokkuð svo. Þetta væru ekki miklir eða alvarlegir áverkar. Hún hefði verið með kúlu á höfði og mar á gagnauga. Svo hefði mátt sjá rauðleita marbletti framan á hálsi, eins og oft sjáist eftir hálstak. Þá hefði hún verið með hrufslár á olnboga og eymsli í handlegg.

Einnig hefðu verið roðasvæði á síðum hennar, eins og eftir núning. Þannig gæti þetta að mestu leyti stemmt þótt orðalag fólks þegar það sé í uppnámi geti verið breytilegt. Um það hvort áverkarnir gætu verið tilkomnir eftir fall, að hún hefði dottið, sagði vitnið að ýmislegt af þessu gæti komið til við slíkt. Hægt sé að fá kúlu á höfuðið eða mar og yfirborðsáverka af ýmsu tagi, en kannski ekki marbletti framan á hálsi. Það væri ekki staður sem menn lendi mikið á. Um roðasvæði á báðum síðum sagði vitnið að fólk falli sjaldan á síðurnar heldur á sitjandann eða hnén. Þá sagði vitnið að hún hefði ekki verið með áverka á höndunum sjálfum eins og hún hefði borið hendurnar fyrir sig. Aðspurður hvort hægt væri að útiloka læknisfræðilega að áverkar hefðu komið við fall sagði vitnið að illmögulegt væri að fá áverkana á hálsi við fall því roðablettir eftir hálstak séu gjarnan nokkrir í röð og markist af fingurgómum. Þá væru áverkar á síðum a.m.k. ekki algengir. Það sæist ekki oft að fólk dytti svona á báðar síður. Vitnið sagði að ef ekki lægi fyrir nein frásögn um atvik væri kannski ekki gott að finna einhverja eina ástæðu fyrir áverkunum. Um það hvort hársvörður hennar hefði verið skoðaður sagði vitnið að kúlan á höfði hennar hefði verið skoðuð. Vitnið kvaðst ekki muna hvort hún hefði verið ölvuð. Taldi hann að ástand hennar hefði verið tilkomið vegna skelfingar. Þegar slaknað hefði á henni hefði hún verið skýr í frásögn. Þá mundi vitnið ekki eftir því hvernig hún var klædd eða eftir ástandi klæðnaðar.

Vitnið B, móðir A, sagði að umrædd nótt myndi aldrei líða sér úr minni. Vitnið kvaðst hafa vaknað er fólk kom heim með A. Það hefði ekki verið hægt að tala við hana því hún hefði verið í svo miklu sjokki. Hún hefði titrað og skolfið. Allir í húsinu hefðu vaknað við grát hennar. Hringt hefði verið í sjúkrabíl og ákveðið að fara með hana á sjúkrahús því stórséð hefði á henni. Það hefði verið roði í andliti hennar. Þá var eins og togað hefði verið í hár hennar. Einnig hefði hún kvartað um eymsli í handlegg og maga. Gallabuxur hennar hefðu verið rifnar og sár verið á fótum, eins og hún hefði verið dregin. Vitnið mundi ekki til þess að hún hefði verið með belti. Vitnið kvaðst hafa orðið sjálf fyrir talsverðu áfalli við að fá dóttur sína svona heim. Vitnið sagði að móðir sín og systir hefðu reynt að finna hluti sem A týndi. Þær hefðu farið á vettvang í tvígang og vitnið verið með í för í síðara skiptið. Á malarvegi sem liggir niður að reiðhöllinni hefði fundist slitin hálsfesti sem A átti, brotinn sími og símakort. Vitnið sagði að á mánudeginum eftir atburðinn hefði móðir sín greint frá því að ákærði hefði komið og sett bréf inn um lúguna. Þær hefðu ákveðið að láta A ekki fá það fyrr en um 10 dögum síðar. Vitnið kvaðst hafa séð bréfið hjá A sem væri það sama og lagt hefur verið fram í málinu.

Vitnið C, amma A, kvaðst hafa vaknað upp að [...] við hávaða og farið fram. Fólk hefði komið með A heim en hún hefði verið í taugaáfalli. Það hefði blætt úr henni og föt hennar verið rifin. Þá hefði hún verið með áverka í andliti. Jafnframt hefði sést á henni að reynt hafi verið að kyrkja hana og hún dregin á hárinu. Vitnið sagði að það hefði verið hörmung að sjá hana og hún verið óhuggandi. Hringt hefði verið á sjúkrabíl og lögreglu. Vitnið kvaðst hafa farið á vettvang ásamt dóttur sinni, D, sem fann símakort A og slitna hálsfesti. Vitnið kvaðst stuttu eftir atburðinn, eða um þremur dögum síðar, hafa orðið vör við að bréf kom inn um lúguna og ákærði hljóp í burtu. Hún hefði rætt við dætur sínar og ákveðið að láta A ekki fá bréfið. Ákærði hefði svo hringt og spurt af hverju A væri ekki búin að fá bréfið. Nokkru síðar hefði A fengið bréfið og vitnið séð það hjá henni. Þetta hefði verið sama bréf og liggur fyrir í málinu.

Vitnið D, móðursystir A, sem er búsett erlendis, var stödd á heimili A umrædda nótt. Hún kvaðst hafa vaknað við óp og grát A. Hún hefði verið hágrátandi og í sjokki. Vitnið kvaðst hafa séð áverka á henni. Hún hefði verið í rifnum gallabuxum og með rauð för á hálsinum. Vitnið kvaðst ekki muna til þess að hún hefði verið með belti. Vitnið greindi frá því að hafa fundið á vettvangi, vegi sem liggur niður að hesthúsunum, hálsmen A, brotinn síma, símakort og föt. Þá hefði fólk sem fann bakpoka hennar haft samband. Vitnið kvaðst hafa heyrt af því að A hefði fengið bréf frá ákærða. Þetta hefði verið eftir að vitnið fór af landi brott, en það hefði verið stuttu eftir atburðinn.

Vitnið Trausti Valsson sálfræðingur staðfesti vottorð sem fyrir liggur í málinu. Hann sagði að A hefði leitað til sín bæði fyrir og eftir atvik það sem ákært er fyrir. Er hún leitaði fyrst til sín hefði henni líðið bölvanlega. Í kringum hana hefðu orðið andlát og hún slitið sambandi við kærasta sinn til nokkurra ára. Hún hefði verið kvíðin og þunglynd. Í viðtali 15. júní 2006 hefði komið fram að hún hefði orðið fyrir árás af hendi kærasta síns. Hann væri ofbeldishneigður en hann sæi það ekki sjálfur. Hún hefði tiltekið að hann hefði hent henni í gólfið, sparkað í sig og slegið.

Vitnið Ágúst Leó Sigurðsson, vinur ákærða, sagði að ákærði hefði greint frá rifrildi við A. Hún hefði skoðað síma ákærða og rokið út. Hann hefði farið á eftir henni og náð í símann. Ákærði hefði ekkert minnst á ofbeldi.

Vitnið E kvaðst þekkja ákærða í gegnum fyrrum kærasta sinn en þeir væru vinir. Hún og A hefðu svo orðið góðar vinkonur. Vitnið sagði að eftir að A hefði fallið frá kæru á hendur ákærða hefði hún spurt hvort hann hefði lagt hendur á hana og ákærði viðurkennt það. Hann hefði sagst sjá mikið eftir því og ætlað að leita sér hjálpar. Hann hefði ekki lýst því sem gerðist en sagt að þau hefðu rifist.

Vitnið F, fyrrum kærasta ákærða, greindi frá því að ákærði hefði eitt sinn, er þau voru í partyi hjá vinafólki, hóttað að drepa sig. Svo hefði hann tekið um háls hennar og þetta eiginlega endað í slagsmálum. Vitnið kvaðst ekki hafa lagt fram kæru vegna atviksins. Vitnið sagði að hún og A væru ágætar vinkonur.

IV.

Ákærði neitar sök. Samkvæmt framburði ákærða og fyrrum kærustu hans, A, voru þau að skemmta sér umrædda nótt og fóru heim til hans að því loknu. Er þangað kom sinnaðist þeim eftir að hún skoðaði síma hans. Fór hún fótgangandi frá heimili hans með bakpoka sinn og ákærði á eftir henni. Dómarar fóru á vettvang. Samkvæmt lýsingu ákærða og A á vettvangi ber þeim nánast saman um hvar hann náði henni, um 100-150 metra frá heimili ákærða. Mikið ber hins vegar í milli í framburði ákærða og A um það sem gerðist eftir að hann náði henni.

Ákærði hefur sagt að hann hafi elt hana því hún hefði tekið síma hans. Er hann hafi náð henni hefði hún neitað að afhenda símann og hann hrifsað símann af henni. Ákærði segir að hún kunni að hafa hlotið eymsli í handlegg við þetta. Hann kveðst svo hafa haldið aftur heim en haft áhyggjur af henni, snúið við og reynt að tala hana til. Það hefði ekki gengið og hann þá ákveðið að snúa aftur heim. Ákærði hefur gefið þá skýringu á áverkum A að hún hafi oft dottið er belti hafi runnið niður

um hana. A kveðst ekki hafa verið með belti og ekkert vitni rekur minni til þess en samkvæmt lýsingu ákærða á beltinu hefur það verið nokkuð áberandi. Ákærði kannast við að hafa skrifað A bréf sem lagt hefur verið fram í málinu. Í bréfinu segir m.a.: „Ég trúir því ekki uppá sjálfan mig að hafa gert þetta ... ég mun aldrei fyrirgefa sjálfum mér að hafa ýtt þér svona harkalega Ég hata sjálfann mig Ég HATA sjálfan mig.“ Svo lýsir hann því í bréfinu að honum hafi sárnað er hún stal síma hans til að skoða hann. Þá lýsir hann ást sinni og væntumþykju til hennar og segir: „Þú trúir því ekki hvað ég sé ógeðslega mikið eftir þessu ... [...] ég er að deyja hérna ég sé svo mikið eftir þessu ... Gerðu það Gerðu það viltu gefa mér annan séns.“ Í bréfinu er orðið „fyrirgefðu“ ritað á einni blaðsíðunni í fjórum dálkum svo tugum skiptir. Þannig ber innihald bréfsins og framsetning þess með sér að það sé ritað vegna alvarlegs atviks. Með hliðsjón af framburði vitnanna, C, ömmu A, og B, móður hennar, sem dómurinn telur trúverðuga, er sannað að bréfið barst skömmu eftir helgi þá sem umrætt atvik átti sér stað.

A hefur lýst því að er ákærði hafi náð henni hafi hann rífið í bakpoka hennar og hent henni í jörðina. Hann hefði rífið af henni hálsfesti og reynt að kyrkja hana. Þá hefði hann rífið í hár hennar, slegið höfði hennar nokkrum sinnum í jörðina, dregið hana á hárinu og kastað grjóti í hana. Fyrir dómi kvaðst hún ekki muna hversu oft ákærði náði henni niður. Þá kannaðist hún ekki við að hafa sjálf dottið á flóttu sínum. Hún hefur hins vegar lýst því að hún hafi dottið af völdum ákærða. Ljóst er af framburði vitna að hún var í gríðarlegu uppnámi og illa til reika er hún stöðvaði bifreið á Breiðholtsbraut og ekki tókst að róa hana fyrir en henni var gefið lyf á slysa- og bráðadeild. Er því ekki við því að búast að hún hafi getað munað atvik í smáatriðum eða greint frá atburðarásinni með nákvæmni. Einnig verður að hafa í huga að lögregla ræddi ekki við vitni fyrir en tæpu ári eftir atvikið. Ekki hafa fengist neinar skýringar á því hvers vegna rannsókn málsins dróst. Er framburður A trúverðugur að mati dómsins.

Lýsing þeirra vitna sem óku A heim, auk vitnisins Daða Guðmundssonar rannsóknarlögreglumanns og fjölskyldu hennar, um ástand hennar og ásigkomulag, styður það að hún hafi orðið fyrir árás af hálfu ákærða. Þá fundust eigur hennar á vettvangi, slitin hálsfesti, sími og bakpoki, sem bendir til þess að mikið hafi gengið á. Fyrliggjandi læknisvottorð og framburður vitnisins Hlyns Þorsteinssonar, sérfræðings á slysa- og bráðamóttöku, styðja enn fremur framburð hennar. Hún var með dreifða áverka, m.a. kúlu á höfði, marbletti á hálsi og áverka á báðum síðum, sem ólíklegt er að fá við að detta á hlaupum. Þá var ekki að sjá á höndum hennar að hún hafi borið þær fyrir sig, eins og eðlilegt væri hefði hún dottið á hlaupum. Samrýmast áverkarnir frásögn hennar.

Að öllu því virtu sem rakið hefur verið er sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ráðist á A með þeim hætti og afleiðingum sem í ákæru greinir. Er verknaður hans réttilega heimfærður í ákæru undir 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

V.

Ákærði var 20 ára að aldri er hann framdi brot sitt. Við ákvörðun refsingar er að líta til þess að ákærði réðst á A af offorsi og hlaut hún áverka á víð og dreif um líkamann. Er fram komið í málinu að umræddur atburður var henni mikið áfall vegna náins sambands hennar og ákærða um margra mánaða skeið. Þykir refsing

hans hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Þar sem hann hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður sætt refsingu þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og að hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

VI.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað, alls 287.700 kr. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er um að ræða kostnað vegna læknisvottorðs, 25.700 kr., og vegna vottorðs sálfræðings 13.000 kr. Þóknun skipaðs verjanda þykir hæfilega ákveðin 249.000 kr., að meðtöldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Arnórsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 287.700 krónur í sakarkostnað, þar með talin 249.000 króna þóknun skipaðs verjanda hans, Gríms Sigurðarsonar héraðsdómslögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir

Helgi I. Jónsson

Jónas Jóhannsson